

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2022, mánudaginn 15. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Ernu Birgisdóttur.

Fyrir er tekið málið nr. 7/2022:

Umf Einherji

gegn

Boltafélagi Norðfjarðar

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Umf Einherji

kt. 610678-0259

Íþróttavellir, 690 Vopnafirði

Fyrirsvarsmaður: Víglundur Páll Einarsson

Kærði:

Boltafélag Norðfjarðar

kt. 690502-3050

Starmýri 19, 740 Neskaupsstað

Fyrirsvarsmaður: Hilmir Þór Ásbjörnsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 31. júlí sl. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. sama dag. Ekki barst neitt svar frá kærða.

Kröfur:

Kröfur kæranda eru að Umf Einherja verði dæmdur 3-0 sigur í leik félagsins gegn Boltafélagi Norðfjarðar, sem fram fór á Vopnafjarðarvelli hinn 26. júlí 2022, í Íslandsmóti karla, 4. deild, E-riðli.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik liðanna sem fram fór hinn 26. júlí 2021 í Íslandsmóti karla, 4. deild, E-riðli, hafi Boltafélag Norðfjarðar notað þrjá ólöglega leikmenn. Nánar tiltekið leikmann nr. 10 Ólafur Bernharð Hallgrímsson, sem skráður sé leikmaður Leiknis Fáskrúðsfjarðar, leikmann nr. 15 Arnór Berg Grétarsson skráður sé

leikmaður Þróttar Neskaupsstaðar og leikmann nr. 17 Stefán Bjarki Cekic sem skráður sé leikmaður Austra Eskifirði.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til gr. 3.1 og 3.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

III.

Hinu kærða félagi var gefinn kostur á að skila greinargerð en ekki barst neitt svar frá kærða.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Umf Einherji kært Boltafélag Norðfjarðar fyrir að nota þrjá ólöglega leikmenn í Íslandsmóti karla, 4. deild, E-riðli. Felst í því að kærandi telur Boltafélag Norðfjarðar hafa verið með ólöglega skipað lið í tilteknum leik, sbr. gr. 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Óumdeilt er að umræddir leikmenn sem tóku þátt í umræddum leik fyrir hönd Boltafélags Norðfjarðar voru ekki hlutgengir til þátttöku í þeim leik þar sem þeir eru skráðir í önnur lið. Ólafur Bernharð Hallgrímsson, er skráður leikmaður Leiknis Fáskrúðsfjarðar, Arnór Berg Grétarsson er skráður leikmaður Þróttar Neskaupsstaðar og Stefán Bjarki Cekic er skráður leikmaður Austra Eskifirði.

Er það brot á grein 36.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og telst lið Boltafjarðar Norðfjarðar í umræddum leik því hafa verið ólöglega skipað.

Ber skv. þessu að taka kröfur kæranda hvað þetta varðar til greina og skulu úrslit í leik Umf Einherja gegn Boltafélagi Norðfjarðar í Íslandsmóti karla, 4. deild, E-riðli, sem fram fór hinn 26. júlí 2022 breytt og hann dæmdur tapaður með markatölunni 3-0 fyrir Einherja gegn Boltafélagi Norðfjarðar.

Skylt er samkvæmt gr. 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 75.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Umf Einherja gegn Boltafélagi Norðfjarðar í Íslandsmóti karla, 4. deild, E-riðli, sem fram fór hinn 26. júlí 2022 á Vopnafjarðarvelli er breytt og skal leikurinn dæmdur tapaður með markatölunni 3-0 fyrir Einherja gegn Boltafélagi Norðfjarðar.

Kærða, Boltafélagi Norðfjarðar, ber að greiða kr. 75.000 í sekt til KSÍ.

VI.
Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Pröstur Ríkharðsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]